

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. nóv. 2010	
10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100900097/ksj

Urðunarstaður í landi Skeljavíkur Strandabyggð. Tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi urðunarstaðar í landi Skeljavíkur í Strandabyggð.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir urðunarstað í landi Skeljavíkur á svæði sem er 3,3 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir allt að 500 tonnum árlega til urðunar. Deiliskipulagið er unnið þar sem umsókn liggur fyrir um endurnýjun starfsleyfis, en urðun hefur verið starfrækt á svæðinu frá 1998. Urðunarsvæðið er nálægt ármótum Víðidalsár og Húsadalsár.

Lýsing á framkvæmdum

Fram kemur í lýsingu á framkvæmdum að gert er ráð fyrir að heimilt verði að urða allt að 500 tonn af almennum úrgangi og einnig kemur fram að heimilt verði að jarðgera eða endurvinna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í eldra starfsleyfi urðunarstaðarins nær starfsleyfið til jarðgerðar, en í drögum að endurnýjuðu starfsleyfi er ekki gert ráð fyrir starfsleyfi til jarðgerðar.

Einnig er á uppdrætti gert ráð fyrir svæðum fyrir hjólbarða og brotajárn, en í drögum að endurnýjuðu starfsleyfi er ekki gert ráð fyrir slíkum geymslustöðum.


Fráveita


Á uppdrætti af deiliskipulagi urðunarstaðar í landi Skeljavíkur eru sýndar 2 sigvatnsprær og hreinsun sem er vel. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem byggð er urðunarstaður í Skeljavík þjónar, fellur undir skilgreininguna *Afskekkt byggð* skv. 3 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, er veitt undanþága frá sigvatnssöfnun í drögum að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir ofangreindan urðunarstað. Þó er í drögum að nýju starfsleyfi farið fram á að grunnvatn verði vaktað og þess vegna verði mæliholan framkvæmd, þar sem grunnvatn verði mælt. Einnig er farið fram á eftirlitsmælingar í Húsadalsá.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í umfjöllun um umhverfisáhrif um sjónræn áhrif og áhrif á landslag að þau verði nokkur. Einnig kemur fram að áður en urðun hófst á svæðinu hafi verið stundað þar malarnám, þannig að svæðið hafi verið nokkuð raskað. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um gerð mana umhverfis svæðið til að milda ásýnd frá þjóðvegi og frá afleggjara að Þverárvirkjun. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að manir séu felldar að landi eins vel og kostur, og að við uppgræðslu verði tegundir er falla vel að gróðri svæðisins notaðar.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Afrit Skipulagsstofnunar